

KNATTSPYRNUDEILD AFTURELDINGAR

Ársskýrsla 2014





INNGANGUR	3
STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR 2014.....	4
MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR.....	5
BARNA- OG UNGLINGARÁÐ	6
MEISTARAFLOKKUR KARLA.....	10
MEISTARAFLOKKUR KVENNA	11
ÞJÁLFARAR KNATTSPYRNUDEILDAR 2013-2014.....	12
ÁRSREIKNINGUR - SAMANDREGIN 2014	14
FJÁRHAGSÁÆTLUN - SAMANDREGIN 2015.....	15

Rit þetta er ársskýrsla Knattspyrnudeildar Aftureldingar árið 2014.

Leyfilegt er að nota efni úr skýrslunni sé heimilda getið.

Myndir: Ýmsir aðilar.

Nánari upplýsingar um Knattspyrnudeild Aftureldingar - www.afturelding.is

Í þessari skýrslu er að finna samandreginn ársreikning fyrir öll ráð Knattspyrnudeildar. Hann er birtur með fyrirvara um villur enda þótt leitast sé við að hafa upplýsingar í honum réttar og í samræmi við útgefna ársreikninga. Séu skekkjur í honum eru þær á ábyrgð Knattspyrnudeildar. Útgefna ársreikninga aðalstjórnar fyrir öll ráð Knattspyrnudeildar og ársskýrslu þessa er að finna á vefsíðunni: afturelding.is/knattspyrna/upplýsingar-og-frodleiksmolar.html

INNGANGUR

Knattspyrnudeild eflist

Mikil gróska er innan knattspyrnudeildar Aftureldingar. Yngri iðkendum fjölga ár frá ári og stefnir Barna- og unglingaráð á að rjúfa 400 iðkenda múrinn á árinu 2015. Alls tóku 19 leikmenn yngri flokkana þátt í landsliðsverkefnum KSÍ á árinu 2014 og þar af spiluðu 5 landsleiki. Afturelding eignaðist sinn fyrsta atvinnumann í knattspyrnu þegar Axel Óskar Andrésson samdi við enska stórliðið Reading. Axel Óskar er uppalinn hjá Aftureldingu og eru þessi vistaskipti hans staðfesting á því öfluga uppbyggingarstarfi sem fer fram innan deildarinnar. Nokkrir aðrir ungir knattspyrnumenn fóru til erlendra liða á reynslu og ef rétt er haldið á spöðunum verður ekki langt að bíða þar til fleiri ungir knattspyrnumenn feta í fótspor Axel Óskars og semja við erlend stórlið.

Meistaraflokkar deildarinnar áttu misjöfnu gengi að fagna á síðasta ári. Meistaraflokkur kvenna spilaði í úrvalsdeild. Flokkurinn hélt okkur í spennu fram á síðasta dag og hélt sæti sínu í deildinni. Meistaraflokkur karla byrjaði tímabilið vel en um miðbik móts fór að halla undan fæti. Liðið endaði þó í öruggu sæti. Spennandi verður að fylgjast með meistaraflokkunum á næsta tímabili en báðir flokkar ætla sér stærri hluti en á því síðasta.

Yfirbyggt fjölnota íþróttahús er áfram helsta baráttumál deildarinnar. Undirbúningur er í fullum gangi og er ráðgert að húsið rísi á næstu misserum. Knattspyrnudeild á sinn fulltrúa í undirbúningsnefnd bæjarins. Það er klárt mál að slíkt hús mun skipta sköpun fyrir framþróun knattspyrnunnar í Mosfellsbæ. Iðkendum mun fjölga, landsliðsdrengjum og stúlkum mun fjölga og árangur mun aukast.

Á árinu 2014 var lyft grettistaki hvað varðar fjárhag deildarinnar sem endurspeglast í rekstrarniðurstöðum ársins. Markvisst var unnið að því að eyða burt gömlum skuldum, efla nýja tekjustofna og auka samstarf innan deildarinnar. Niðurstaðan er sú að allar þrjár einingar deildarinnar skila rekstrarhagnaði.

Fjölmargir sjálfboðaliðar komu að starfi deildarinnar á árinu. Þessir aðilar lögðu á sig gífurlega vinnu og unnu fórnfúst starf. Ég vill sérstaklega þakka þessum sjálfboðaliðum en með þeirra hjálp ásamt stuðningi fjölmargra fyrirtækja og Mosfellsbæjar hefur okkur tekist að gera öfluga deild enn öflugri.

Áfram Afturelding,

Ingólfur Garðarsson

Formaður knattspyrnudeildar

STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR 2014

Ingólfur Garðarsson	Formaður
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir	Formaður Barna- og unglingaráðs
Óli Valur Steindórsson	Formaður Meistaraflokks karla
Hallur Birgisson	Formaður Meistaraflokks kvenna
Sigurður Rúnar Magnússon	Gjaldkeri Barna- og unglingaráðs
Emil Viðar Eyþórsson	Gjaldkeri Meistaraflokks karla
Tryggvi Þorsteinsson	Varaformaður Meistaraflokks kvenna

Barna- og unglingaráð

Guðbjörg Fanndal Torfadóttir	formaður
Sigurður Rúnar Magnússon	gjaldkeri
Laufey Guðmundsdóttir	
Hjörvar Freyr Hjörvarsson	

Meistaraflokksráð karla






Óli Valur Steindórsson	formaður
Emil Viðar Eyþórsson	gjaldkeri
Páll Einar Halldórsson	
Rúnar Þór Haraldsson	
Ólafur Kr. Guðmundsson	
Árni Magnússon	
Tómas Richardsson	
Ragnar Hartmannsson	

Meistaraflokksráð kvenna

Hallur Birgisson	formaður
Tryggvi Þorsteinsson	varaformaður
Jón Þór Eyjólfsson	
Einar Grétarsson	
Friðrik Már Gunnarsson	

MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR

Knattspyrnuleg markmið

-  Að bjóða uppá faglegt og heilbriggt starf sem er deildinni, þjálfurum, iðkendum og foreldrum til sóma.
-  Að gera iðkendum sína að betri knattspyrnumönnum.
-  Að gera iðkendum sína að betri félagsmönnum.
-  Að leitast við að ráða til starfa þjálfara með viðeigandi þjálfarastig KSÍ og senda aðstoðarþjálfara á slík námskeið.
-  Að taka þátt í Íslandsmóti, Bikarkeppni og Faxaflóamóti í þeim flokkum sem hafa þátttökurétt.

Íþróttaleg markmið

Í íþróttum læra börn að fylgja reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur og sjálfsaga. Mikilvægt er að hver og einn fái með íþróttaiðkun sinni tækifæri til þess að upplifa sjálfan sig á jákvæðan hátt og öðlast sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Jafnframt er mikið lagt upp úr því að læra einbeitingu, þolinmæði, umburðarlyndi, tillitssemi, sýna traust og kærleik og vera einn af hópnum.

Íþróttir hafa uppeldislegt, menningarlegt og heilsufarslegt gildi fyrir þá sem þær stunda. Við uppbyggingu íþróttastarfs, hvort sem um æfingar eða keppni er að ræða, skal miða að því að allir hafi jafngild tækifæri og séu metnir að verðleikum óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarhætti eða kyni.

Félagsleg markmið

Að bjóða bæjarbúum uppá jákvætt og hvetjandi íþróttarumhverfi, þar sem iðkendum, foreldrar og forráðamenn geti fengið upplýsingar um starfsemi deildarinnar á sem bestan hátt. Að stuðla að aukningu innan deildarinnar og kynningu hennar meðal bæjarbúa.

Markmið deildarinnar er að halda iðkanda sem lengst og að iðkandi sé ánægður og stoltur innan vallar sem utan. Að skilgreina starf og markmið deildarinnar og starfsmanna hennar í handbók svo verksvið og verkefni hvers og eins séu skýr. Að rækta starf sitt í góðu samstarfi við aðalstjórn, bæjaryfirvöld, skóla, félagsmiðstöð, kirkju, foreldra og aðra aðila sem koma nálægt tómsunda- og íþróttaiðkun í Mosfellsbæ

Fjármálaleg markmið

Byggja starf sitt ávallt á fjárhagslega traustum grunni svo knattspyrnustarfið sé tryggt til framtíðar. Að félagið standi fjárhagslega undir starfsemi sinni á hverju rekstrarári. Að fjármálastjórnun félagsins sé ætíð í samræmi við lög og reglur ÍSÍ. Að félagið reyni eftir fremsta megni að aðstoða iðkendum við skipulagningu fjáraflana til að fjármagna þátttökuna í starfinu.



BARNA- OG UNGLINGARÁÐ

Stjórn Barna og unglingaráðs (Bur) hefur umsjón með starfsemi yngri flokka félagsins allt frá 2. flokki til 8. flokks karla og kvenna og er sjálfstæð eining innan Knattspyrnudeildar og með sjálfstæðan fjárhag.

Segja má að í árslok 2014 hafi lokið fjárhagslegri endurskipulagningu sem hófst í mars 2013. Hún fólst í því að gert var átak í að bæta skráningar og innheimtu æfingagjalda og útgjöld voru skorin niður. Samhliða var unnið að uppgjöri skuldar við aðalstjórn Aftureldingar og efnahagur styrktur. Markmiðið með þessum aðgerðum var að bæta fjárhag Bur og leggja þannig grunninn að framtíðaruppbyggingu. Þessi vinna hefur tekist vel og stendur fjárhagur Bur nú á traustum grunni. Hagnaður ársins var kr. 7.303.262 en þar af var hagnaður af reglulegri starfsemi kr. 2.330.969. Eigið fé í árslok var kr. 8.155.493. Uppgjör Bur (D10) er meðfylgjandi á bls. 14.

Á síðasta ári urðu talsverðar breytingar á þjálfaramálum Bur. Margir hurfu til annarra verkefna og nýir komu inn í staðinn. Aðrir þjálfarar tóku aukna ábyrgð eftir að hafa verið starfað sem aðstoðarþjálfarar. Undanfarin ár hefur mikil áhersla verið lögð á að mennta þjálfara sem eru uppaldir í félaginu og hefur það gengið vel. Margir af þjálfurum Bur leika með meistaraflokkum og eru fyrirmyndir yngri iðkenda.

Iðkendum hefur fjölgað jafnt og þétt og voru 319 í byrjun árs 2014 en voru orðnir 377 í árslok. Það er okkar trú að iðkendafjöldi eigi eftir að fara yfir 400 á komandi sumri. Þessa fjölgun má að stærstum hluta þakka okkar flottu þjálfurum sem eiga stórt hrós skilið fyrir frábært starf sem hefur m.a. verið að skila sér jafnt og þétt í fjölgun iðkenda þrátt fyrir aðstöðuleysi yfir vetrarmánuðina.

Árangur yngri flokka var góður á síðasta ári og fóru flestir þeirra á 2-3 sumarmót þar sem þeir voru félaginu sínu til sóma innan vallar sem utan. Allir skemmtu sér vel og var vel staðið að öllum mótum í góðri samvinnu við foreldraráð flokkanna. Án aðkomu foreldra og foreldraráða er erfitt að sækja mót yfir sumartímamann og vilja þjálfarar og stjórn Bur þakka öllum foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf.




Eldri flokkar stóðu sig allir með ágætum og var tekið þátt í Íslandsmóti í öllum flokkum. A lið 5. flokks fór alla leið í úrslitakeppnina, annað árið í röð og stóðu sig vel. 4. flokkur kvenna hélt úti einu liði í Íslandsmóti og 4. flokkur karla tefldi fram þremur liðum en það var í fyrsta skipti sem það var gert. 3. flokkur kvenna var með eitt lið í Íslandsmóti í samstarfi við Fram og gekk það vonum framar og má búast við áframhaldandi samvinnu við nágranna okkar úr Grafarholtinu. 3. flokkur karla lék í A deild og hélt sæti sínu þar eftir frábæran endasprett í mótinu. 2. flokkur kvenna tefldi fram einu liði í B deild Íslandsmóts og 2. flokkur karla tefldi fram A og B liði í B deildinni. 4. flokkur karla urðu Reyccup meistarar og 3. flokkur kvenna í samvinnu við Fram unnu einnig Reyccup meistaratitil. Þetta er alþjóðlegt mót sem haldið er í Laugardal á hverju ári sem hefur verið vel sótt og er árangur okkar flokka því frábær.

Segja má að gott yngri flokka starf Bur endurspeglar í fjölgun iðkenda og einnig í því hvað Afturelding átti marga iðkendur sem boðaðir voru á landsliðsæfingar á árinu. Alls voru 19 leikmenn yngri flokka Aftureldingar boðaðir til landsliðsverkefna og fimm leikmenn léku landsleiki á árinu sem er frábær árangur okkar krakka. Óskar Knattspyrnudeild öllum iðkendum til hamingju með árangurinn á árinu.

Árið 2014 er eftirminnilegt því þá eignaðist Knattspyrnudeild Aftureldingar sinn fyrsta atvinnumann þegar Axel Óskar Andrésón gekk til liðs við Reading FC á Englandi. Axel Óskar vakti áhuga margra liða á árunum 2013-2014 og lék hann ári of ungur með U17 ára landsliðinu á stórmótum og lék með efnilegum 3. flokki Aftureldingar sem fór alla leið í úrslitaleik Íslandsmótsins sumarið 2013. Axel lék með 2. flokki Aftureldingar á árinu 2014 og meistaraflokki fyrstu leikina á síðasta tímabili í 2. deild aðeins 16 ára gamall. Eins og margir aðrir fylgist Knattspyrnudeild Aftureldingar vel með Axel úr fjarlægð og óskar honum alls hins besta í sínum verkefnum. Það er ekki nokkur vafi að fleiri eigi eftir að fylgja í fótspor hans.

Fyrir hönd Barna- og unglingaráðs,
Bjarki Már Sverrisson, yfirþjálfari
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, formaður
Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri



Landsliðsverkefni

Fjöldi iðkenda Knattspyrnudeildar Aftureldingar sem taka þátt í landsliðsverkefnum á vegum KSÍ vex með hverju árinu en samtals voru 19 iðkendur boðaðir í slík verkefni árið 2014. Einnig fóru nokkrir iðkendur á reynslu til erlendra félaga á árinu og er það mjög góður árangur og greinilegt að fleiri tækifæri eru rétt handan við hornið.

Þessir tóku þátt í verkefnum landsliða eða æfðu með landsliði 2014:

U19 landslið karla

Birkir Þór Guðmundsson
Elvar Ingi Vignisson
Sigurpáll Melberg Pálsson

U19 landslið kvenna

Hrefna Guðrún Pétursdóttir
Valdís Björk Friðriksdóttir

U17 landslið karla

Andri Freyr Jónasson
Arnór Breki Áspórssen
Axel Óskar Andrésen
Birkir Þór Guðmundsson

U17 landslið kvenna

Kristín Þóra Birgisdóttir

U16 landslið karla

Bjarki Steinn Bjarkason
Ísak Snær Þorvaldsson
Jason Daði Svanþórsson
Kolfinnur Ernir Kjartansson
Viktor Marel Kjærnested

U16 landslið kvenna

Eva Rut Áspórsdóttir
Fanney Björk Guðmundsdótti
Inga Laufey Ágústsdóttir
Kolbrún Hulda Edvardsdóttir



Intersportmótið

Intersportmót Aftureldingar var haldið í annað sinn á félagssvæðinu á Tungubökkum í lok ágúst sem hluti af bæjarhátíð Mosfellsbæjar. Mótið er fyrir stráka og stelpur í 6., 7. og 8. flokki og þetta árið mættu um 1.000 krakkar, í 160 liðum frá 23 félögum til leiks sem er talsverð aukning frá fyrra ári.

Mótið var afar vel heppnað þrátt fyrir inngríp veðurguðanna en leikið var á 12 völlum og áætlað er að þátttakendur og gestir á Tungubökkum hafi verið um 3.000 báða mótisdagana. Dagskrá og tíma-setningar stóðust nær alveg en eins og ávallt er stefnt á að gera enn betur að ári.

Á laugardegi var 6. flokks mótið sem er líklega eitt stærsta hraðmót landsins þar sem spilað var á 10 völlum stanslaust allan daginn. Fresta þurfti sunnudagsmótinu fyrir 7. og 8. flokka karla og kvenna þar sem fyrsta stóra haustlægðin setti strik í reikninginn. Blásið var aftur til leiks á laugardeginum í vikunni á eftir og gekk það mjög vel þrátt fyrir að nokkur lið hafi þurft að draga sig úr keppni. Var þá spilað í fyrsta skipti á lítil mörk fyrir 8. flokk og gafst það fyrirkomulag mjög vel.

Aðstaðan á Tungubökkum hentar mjög vel fyrir mót af þessari stærðargráðu og rúmar vel þann fjölda iðkenda og aðstandenda sem því fylgir. Unnið var samkvæmt bættu skipulagi með bílastæði og aðkomu og vel gekk að hafa stjórn á umferð til og frá svæðinu. Einnig voru sett upp aukasalerni sem nýttust vel.

Mótsstjórn Barna- og unglingaráðs vill þakka öllum sem tóku þátt í mótinu; þjálfurum, liðsstjórum, þátttakendum og gestum kærlega fyrir samveruna. Aðalstyrktaraðila mótsins Intersport er þakkað kærlega fyrir stuðninginn sem og öllum sem hjálpuðu til við að gera mótið jafn vel heppnað og raun bar vitni. Sérstakar þakkir fá foreldrar og sjálfboðaliðar sem og starfsmenn Áhaldahúss Mosfellsbæjar.

Knattspyrnskóli Aftureldingar og Liverpool

Liverpoolskólinn var haldinn í fjórða skipti sl. sumar á vegum Knattspyrnudeildar. Líkt og 2013 var skólinn haldinn í samstarfi við Þór á Akureyri og haldin voru tvö námskeið í júníbyrjun, það fyrra á Tungubökkum og það seinna á Þórssvæðinu á Akureyri. Samtals sóttu um 250 börn námskeiðin í blíðskaparveðri og var framkvæmd þeirra mjög vel heppnuð eins og fyrri ár.

Liverpoolskólinn er samstarfsverkefni Knattspyrnudeildar og Liverpool International Football Academy. Yfir 750 börn allstaðar af landinu hafa tekið þátt í Liverpoolskólanum sl. fjögur ár og lært af frábærum þjálfurum sem vinna eftir hugtakinu „The Liverpool Way“ þar sem aðalmarkmiðið er að hafa æfingarnar skemmtilegar. Upplifun erlendu þjálfaranna af íslensku börnunum og umgjörð skólans hefur öll árin verið mjög jákvæð. Ekki síður hefur ánægja barna og foreldra verið mikil en hvorutveggja er ómetanlegt hvatning í að halda áfram á sömu braut.

Umboðsaðili Warrior á Íslandi, ReAct, styrkti skólann og fengu öll börnin Liverpool minjagrip að honum loknum. Framlag styrktaraðila og velunnara skólans skiptir sköpum svo hægt sé að halda skólann með þeim hætti sem gert er og verður ekki fullþakkað. Jafnframt er framlag sjálfboðaliða úr hópi foreldra og þjálfara ómetanlegt. Líkt og fyrri ár rennur allur ágóði af skólanum óskiptur til barna- og unglingastarfs Knattspyrnudeildar Aftureldingar.

MEISTARAFLOKKUR KARLA

I. Uppgjör ársins 2014

Ársreikningur meistaraflokks karla í knattspyrnu fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi meistaraflokks karla í knattspyrnu er umsjón um rekstur meistaraflokks karla í knattspyrnu hjá Ungmennafélagi Aftureldingar. Uppgjör félagsins fyrir árið 2014 hefur verið fært í samræmi við uppgjörsaðferðir aðalstjórnar Aftureldingar.

Hagnaður (tap) meistaraflokks karla í knattspyrnu, deild innan Ungmennafélags Aftureldingar, á árinu 2014 nam kr. 955.575.-

Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Það er álit stjórnar, að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

II. Helstu atvik ársins

Mikil undirbúningsvinna hefur verið innt af hendi til þess að félagið uppfylli öll skilyrði leyfiskerfis KSÍ þegar að því kemur að liðið fari upp úr annarri deild.

Stjórn félagsins hefur lagt mikla vinnu í að útrýma öllum gömlum málum sem að hluta til hafa neikvæð áhrif á rekstrarárinu. Á sama tíma hafa ýmsir nýir tekjustofnar verið skapaðir sem að nú þegar sjást í aukinni veltu og er það trú stjórnar að sumir þeirra séu komnir til frambúðar.

Stjórn félagsins réð nýtt þjálfarateymi til starfa í samræmi við stefnu félagsins um langtíma uppbyggingu og áherslu á uppalda leikmenn. Stjórn félagsins telur, að til lengri tíma litið, muni sú stefna reynast heppileg fyrir Knattspyrnudeild í heild sinni og skila þeim árangri sem bæjarfélag á stærð við Mosfellsbæ á að stefna að.

Fyrir hönd stjórnar mfl. kk.

Óli Valur Steindórsson, formaður



Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna lék sitt 7. ár í Úrvalsdeild (Pepsi-deild) sumarið 2014 og náði enn og aftur að halda sér í deildinni. Árangurinn var eins og árið áður og hafnaði liðið í 8. sæti. Liðið fékk 13 stig, vann 4 leiki, gerði 1 jafntefli og tapaði 13 leikjum, skoraði 17 mörk og fékk á sig 48. Síðasti leikur mótsins var æsispennandi leikur við Fylkir, þar sem Afturelding varð að vinna til að halda sér í deildinni. Það gekk upp með ævintýralegum 2ja marka sigri, sem þýddi að FH féll með 1 stigi minna. Þetta þýðir að Afturelding spilar áfram í Úrvaldsdeild næsta sumar, áttunda (8) árið í röð.

Flokkurinn lenti í áfalli í mars 2014 þar sem þjálfari liðsins John Andrews, þurfti að kveðja Ísland og flytjast heim til Írlands af persónulegum ástæðum. Í hans stað kom Theodór Sveinjónsson. Theodór tók við liðinu á erfiðum tímapunkti og hafði mjög lítinn tíma til að setja mark sitt á undirbúninginn þar sem mjög stutt var í mót. Honum tókst að þúsla saman liði sem barðist allt sumarið fyrir tilverurétti sínum í deildinni og náði að lokum þeim árangri að halda liðinu uppi.

Þrír erlendir leikmenn spiluðu með liðinu sumarið 2014. Þeir voru: Amy Marron, miðvörður (USA), Courtney Conrad, miðjumaður (Canada) og Helen Lynskey, miðju- og kantmaður (England). Courtney kom til liðsins í félagaskiptaglugganum um miðjan júlí. Helen bar af, af þessum leikmönnum og var hún kosin í lið sumarsins í Pepsideildinni hjá KSÍ. Það er mikið gleðiefni að hún kemur aftur sumarið 2015.

Hópurinn af uppöldum leikmönnum var mjög lítill þegar byrjaði að vora og þurfti að fá mjög marga leikmenn að láni hjá öðrum félögum. Mjög langt mál er að nefna alla þá leikmenn en 3 komu frá Breiðablik, 2 frá Val, 1 frá Stjörnunni og 2/3 hlutar af þríburum frá Þýskalandi (sem spiluðu hjá Aftureldingu áður en þær fluttu út).

Sumarið 2014 gengu til liðsins Stefanía Valdimarsdóttir frá Breiðablik, Kristín Ösp Sigurðardóttir frá Haukum og Petra Lind Sigurðardóttir frá Þrótti Neskaupstað.

Það er mikið áhyggjuefni að aðeins örfáir leikmenn skila sér upp í meistaraflokkinn ár hvert. Þetta er þróun sem mun ekki breytast fyrr en félagið fær yfirbyggt fjölnotahús. Þegar það kemur, verður BYLTING í knattspyrnuíðkun í kvennaboltanum!

Að lokum vill stjórn meistaraflokks kvenna þakka styrktaraðilum sínum og öllum þeim frábæru sjálfboðaliðum sem hafa unnið ómælda vinnu fyrir félagið sitt, án ykkar væri flokkurinn ekki starfhæfur, ... takk !!!

Fyrir hönd stjórnar mfl. kvk.
Hallur Birgisson, formaður



ÞJÁLFARAR KNATTSPYRNUDEILDAR 2013-2014

Meistaraflokkur kvenna Theodór Sveinjónsson Bill Puckett	5. flokkur karla Vilberg Sverrisson Gunnar Andri Pétursson Kristófer Örn Jónsson
Meistaraflokkur karla Atli Eðvaldsson Úlfur Arnar Jökulsson	5. flokkur kvenna Vilberg Sverrisson
Yfirþjálfari barna- og unglingastarfs Bjarki Már Sverrisson	4. flokkur karla Bjarki Már Sverrisson Vilberg Sverrisson Gunnar Andri Pétursson
8. flokkur barna Ísak Már Friðriksson Krístrún Halla Gylfadóttir Wentzel Steinarr Ragnarsson	4. flokkur kvenna Aron Elfar Jónsson
7. flokkur karla Ísak Már Friðriksson Anton Ari Einarsson Gunnar Birgisson	3. flokkur karla Úlfur Arnar Jökulsson Einar Jóhannes Finnbogason
7. flokkur kvenna Sindri Snær Ólafsson Hrefna Guðrún Pétursdóttir	2. flokkur karla Úlfur Arnar Jökulsson Einar Jóhannes Finnbogason
6. flokkur karla Gunnar Birgisson Anton Einarsson Finnbogi Rútur Finnbogason Andri Freyr Jónasson	3. flokkur kvenna Bill Puckett
6. flokkur kvenna Sindri Snær Ólafsson Hrefna Guðrún Pétursdóttir	2. flokkur kvenna Bill Puckett





REKSTRARREIKNINGUR	D10 BUR		D11 Mfl.kk.		D12 Mfl.kvk.		Knattspyrnudeild	
	2014	2013	2014	2013	2014	2013	2014	2013
REKSTRARTEKJUR								
Æfingagjöld.....	20.347.395	19.263.940	0	0	0	0	20.347.395	19.263.940
Framlög og styrkir.....	7.412.191	6.640.180	19.015.427	8.258.490	12.647.025	7.265.508	39.074.643	22.164.178
Tekjur af mótum.....	0	0	363.291	834.809	278.927	78.583	642.218	913.392
Aðrar tekjur.....	5.046.186	3.390.373	6.512.965	5.396.510	1.616.042	360.000	13.175.193	9.146.883
Rekstrartekjur alls:	32.805.772	29.294.493	25.891.683	14.489.809	14.541.994	7.704.091	73.239.449	51.488.393
REKSTRARGJÖLD								
Laun og verktakagreiðslur.....	25.793.979	24.473.318	8.408.309	4.636.988	7.193.225	2.993.090	41.395.513	32.103.396
Þátttaka í mótum.....	0	0	7.604.179	2.002.108	2.567.904	2.075.565	10.172.083	4.077.673
Kostnaður v. mótahalds.....	0	0	3.318.145	1.667.683	2.099.064	316.113	5.417.209	1.983.796
Önnur gjöld.....	4.126.370	2.348.416	5.607.529	4.531.216	2.532.967	2.826.530	12.266.866	9.706.162
Afskriftir.....	(4.253.508)	(474.751)	9.856	(57.473)	(2.009.630)	512.857	(6.253.282)	(19.367)
Rekstrargjöld alls:	25.666.841	26.346.983	24.948.018	12.780.522	12.383.530	8.724.155	62.998.389	47.851.660
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða.....	7.138.931	2.947.510	943.665	1.709.287	2.158.464	(1.020.064)	10.241.060	3.636.733
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls:	164.331	29.144	11.910	24.030	18.586	(43.202)	194.827	9.972
Hagnaður (tap) tímabilsins.....	7.303.262	2.976.654	955.575	1.733.317	2.177.050	(1.063.266)	10.435.887	3.646.705
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....	2.330.969	2.472.759						
EFNAHAGSREIKNINGUR								
VELTUFJÁRMUNIR								
Skammtímaáhrif.....	3.424.142	(1.480.718)	872.595	298.953	73.326	(2.777.236)	4.370.063	(3.959.001)
Handbært fé.....	4.731.351	2.498.806	992.322	127.331	98.513	60.589	5.822.186	2.686.726
							0	0
Veltufjármunir alls	8.155.493	1.018.088	1.864.917	426.284	171.839	(2.716.647)	10.192.249	(1.272.275)
							0	0
Eignir samtals.....	8.155.493	1.018.088	1.864.917	426.284	171.839	(2.716.647)	10.192.249	(1.272.275)
31.12.2014								
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ								
EIGIÐ FÉ								
Óráðstafað eigið fé.....	852.231	(2.124.422)	(203.236)	(1.936.553)	(2.812.427)	(1.749.161)	(2.163.432)	(5.810.136)
Rekstramiðurstaða ársins.....	7.303.262	2.976.654	955.575	1.733.317	2.177.050	(1.063.266)	10.435.887	3.646.705
Eigið fé alls	8.155.493	852.232	752.339	(203.236)	(635.377)	(2.812.427)	8.272.455	(2.163.431)
SKAMMTÍMASKULDIR								
Skammtímaskuldir.....	0	165.857	1.112.578	629.520	807.216	95.780	1.919.794	891.157
Skammtímaskuldir alls	0	165.857	1.112.578	629.520	807.216	95.780	1.919.794	891.157
Skuldir og eigið fé samtals.....	8.155.493	1.018.089	1.864.917	426.284	171.839	(2.716.647)	10.192.249	(1.272.274)



Tekjur	Bur		Mfl.kk.		Mfl.kvk.		Knattsp.deild	
	Upphæð	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall	Upphæð	Hlutfall
Fjáröflunartekjur	5.150.000	16,3%	8.390.000	46,4%	8.750.000	50,3%	22.290.000	33,2%
Styrkir	5.100.000	16,1%	2.500.000	13,8%	2.400.000	13,8%	10.000.000	14,9%
Styrktarsamningar	600.000	1,9%	7.200.000	39,8%	6.250.000	35,9%	14.050.000	20,9%
Æfingagjöld	20.800.000	65,7%	0	0,0%	0	0,0%	20.800.000	31,0%
Samtals tekjur	31.650.000	100,0%	18.090.000	100,0%	17.400.000	100,0%	67.140.000	100,0%
Gjöld								
Þjálfara og leikmannakostn.	27.324.000	87,5%	11.233.200	62,4%	15.035.000	86,8%	53.592.200	80,5%
Móta- & ferðakostn. og búnaður	1.916.000	6,1%	5.675.000	31,5%	996.000	5,7%	8.587.000	12,9%
Annar kostnaður	1.440.000	4,6%	1.095.000	6,1%	976.000	5,6%	3.511.000	5,3%
Afborgun af láni	532.000	1,7%		0,0%	320.000	1,8%	852.000	1,3%
Samtals gjöld	31.212.000	100,0%	18.003.200	100,0%	17.327.000	100,0%	66.542.200	100,0%
Áætlaður rekstrarafgangur	438.000	1,4%	86.800	0,5%	73.000	0,4%	597.800	0,9%